

**Ná.**

**105. Tillaga**

til þingsályktunar um loftskæptastöðvar á Siglufirði og í Grímsey.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að svo fljótt sem kostur er á verði reistar loftskæptastöðvar á Siglufirði og í Grímsey.

**A s t æ ð u r .**

Samkvæmt lögum nr. 83, 14. nóv. 1917, er stjórninni heimilt að stofnsetja litlar þráðlausar firðviðskiftastöðvar, eftir því sem þörf er á, annaðhvort til þess að koma einstökum landshlutum í samband við símakerfi landsins eða vegna siglinganna.

Að ekki hefir meiri framkvæmd orðið en enn er, stafar sennilega af þeim fjárhagsvanda, sem vjer erum í, fremur en af áhugaleysi, en svo virðist sem þörfin fyrir byggingu slíkra stöðva sje meir og meir aðkallandi, og gagnvart afstöðu Grimseyjar, hvort heldur litið er til samgangna við eyjarbúa eður strandvarna og útgerðar fyrir Norðurlandi, þá er óneitanlega hin brýnasta nauðsyn á, að slíkt firðritunar- eða talsamband fáið sem allra fyrst að unt er.

Má ennfremur benda á, hve þeir, er starfa að veðurathugunum hjer á landi, telja það mikilsvert, að geta fengið daglega þaðan slíkar athuganir.

Hvað það snertir, að loftskeytastöð sje reist á Siglufirði, byggist bæði á því, að þar er annar hinn helsti útgerðar- og viðkomustaður skipa hjer við land, en hinsvegar talið óhjákvæmilegt, að stöð verði sett á fót á Norðurlandi, sem hafi stöðugt og tryggt samband við loftskeytastöðina hjer í Reykjavík, og sömuleiðis við þá fyrirhuguðu stöð í Grimsey, sem búist er við að verði aðeins til þess að flytja fregnir til stöðvarinnar á Siglufirði.